

2114. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 8. mars 2012 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16.00

Mættir: Geir Þorsteinsson, Gylfi Þór Orrason, Guðrún Inga Sívertsen, Lúðvík S Georgsson, Gísli Gíslason, Róbert Agnarsson, Rúnar Arnarson, Vignir Már Þormóðsson, Þórarinn Gunnarsson, Björn Friðþjófsson landshlutafulltrúi Norðurlands og Tómas Þóroddsson landshlutafulltrúi Suðurlands.

Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Forföll: Ragnhildur Skúladóttir, Jóhannes Ólafsson, Jóhann Króknes Torfason, Jakob Skúlaason landshlutafulltrúi Vesturlands og Valdemar Einarsson landshlutafulltrúi Austurlands

Þetta var gjört:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

2. Embættismenn stjórnar

Samþykkt skipan embættismanna stjórnar þannig að Gylfi Þór Orrason verður varaformaður, Guðrún Inga Sívertsen gjaldkeri og Lúðvík S Georgsson ritari.

3. Nefndir

- Starfsreglur nefnda. Ítrekuð er skylda nefnda að funda a.m.k. 6 sinnum á starfsárinu og að starfsmenn nefnda skuli senda fundargerðir á nefndarmenn og stjórn. Framkvæmdastjóra falið að kynna starfsreglur nefndar, siðareglur, reglur um hópferðir og jafnréttisáætlun á fyrsta fundi hvernar nefndar á nýju starfsári.
- Skipan í nefndir og starfshópa. Samþykkt er eftirfarandi skipan í nefndir og starfshópa fyrir starfsárið 2012-2013:

Dómaranefnd

Gylfi Þór Orrason	formaður
Ari Þórðarson	
Bragi Bergmann	
Gísli Gíslason	
Eyjólfur Ólafsson	
Jón Sigurjónsson	
Kári Gunnlaugsson	
Pjetur Sigurðsson	
Þórarinn Gunnarsson	

Fjárhagsnefnd

Guðrún Inga Sívertsen	formaður
Eggert Steingrímsson	
Rúnar Arnarson	
Þórir Hákonarson	

Fræðslunefnd

Ragnhildur Skúladóttir	formaður
Guðni Kjartansson	
Sigurður Þórir Þorsteinsson	
Sigurður Sighvatsson	



Sigvaldi Einarsson
Vignir Þormóðsson
Örn Ólafsson

Laga- og leikreglnanefnd

Gísli Gíslason formaður
Lúðvík S. Georgsson
Guðmundur H. Pétursson

Landsliðsnefnd karla

Rúnar Arnarson formaður
Lúðvík S. Georgsson
Róbert Agnarsson
Viðar Halldórsson
Þorgrímur Þráinsson

Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)

Guðrún Inga Sívertsen formaður
Arna Steinsen
Erla Hendriksdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Hanna Dóra Magnúsdóttir
Ragnhildur Skúladóttir

Landsliðsnefnd U21 karla

Jóhannes Ólafsson formaður
Gísli Gíslason
Jónas Þórhallsson
Steinn Halldórsson
Vignir Már Þormóðsson

Unglinganefnd karla (U19 og U17)

Vignir Már Þormóðsson formaður
Ingvar Guðjónsson
Jóhann Torfason
Magnús Brandsson
Ómar B. Stefánsson
Sigurður Helgason
Þórarinn Gunnarsson

Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)

Ragnhildur Skúladóttir formaður
Ásta B. Gunnlaugsdóttir
Hanna Dóra Magnúsdóttir
Íris Björk Eysteinsdóttir
Jakob Skúlason
Sigrún Ríkharðsdóttir
Tómas Þóroddsson

Mannvirkjanefnd

Lúðvík S. Georgsson formaður
Jón Runólfsson
Kristján Ásgeirsson

Rúnar Arnarson
Þorbergur Karlsson

Mótanefnd

Róbert B. Agnarsson formaður
Atli Þórsson
Ámundi Halldórsson
Björn Friðþjófsson
Helga Friðriksdóttir
Valdemar Einarsson
Þórarinn Gunnarsson

Samninga- og félagaskiptanefnd

Lúðvík S. Georgsson formaður
Stefán Geir Þórisson
Örn Gunnarsson
Gísli Hall (til vara)
Guðmundur H. Pétursson (til vara)
Jóhann Albertsson (til vara)

Útbreiðslunefnd

Vignir Már Þormóðsson formaður
Björn Friðþjófsson
Jakob Skúlason
Tómas Þóroddsson
Valdemar Einarsson
Vigfús Örn Gíslason (til vara)
Ómar B. Stefánsson (til vara)
Magnús Ásgrímsson (til vara)
Trausti Hjaltason (til vara)

Aðrar nefndir og starfshópar:

Hæfileikanefnd

Þórarinn Gunnarsson formaður
Einar Hermannsson
Jóhann Torfason
Unnsteinn Jónsson
Íris Björk Eysteinsdóttir
Þorsteinn Hilmarsson

Sögunefnd

Ágúst Ingi Jónsson formaður
Ásta B. Gunnlaugsdóttir
Ellert B. Schram
Halldór Einarsson
Jón Gunnlaugsson

Heilbrigðisnefnd

Sveinbjörn Brandsson formaður
Einar Jónsson
Friðrik Ellert Jónsson
Gauti Laxdal

Hjalti Kristjánsson
Hjörtur Þór Hauksson
Reynir Björn Björnsson
Stefán Stefánsson
Svala Helgadóttir

Þjálfaranefnd

Atli Eðvaldsson
Ásgeir Sigurvinsson
Eyjólfur Sverrisson
Guðjón Þórðarson
Guðni Kjartansson
Helena Ólafsdóttir
Jóhannes Atlason
Jörundur Áki Sveinsson
Logi Ólafsson
Ólafur Jóhannesson
Sigurður R. Eyjólfsson
Vanda Sigurgeirsdóttir

Starfshópur um framkvæmd jafnréttisáætlunar

Guðrún Inga Sívertsen formaður
Helga Friðriksdóttir
Hörður Guðbjörnsson
Kristín Arnþórsdóttir
Pétur Magnússon

Starfshópur um agaskýrslu

Gylfi Þór Orrason formaður
Almar Guðmundsson
Róbert Agnarsson
Örn Gunnarsson
Erlendur Eiríksson

Starfshópur um aldurskiptingu

Róbert Agnarsson formaður
Gísli Gíslason
Jónas Þórhallsson

Starfshópur um keppni í 5 manna liðum

Björn Friðþjófsson formaður
Jónas Sigurðsson
Kristín Arnþórsdóttir

Starfshópur stjórnar

Gísli Gíslason formaður
Gylfi Þór Orrason
Róbert Agnarsson
Rúnar Arnarson
Vignir Már Þormóðsson

4. Verkefni stjórnar

- Starfshópur stjórnar. Lagður var fram verkefnalisti starfshóps stjórnar en hópurinn mun leggja áherslu á eftirfarandi á komandi starfsári:

Stefnumótun

- landslið (afreksstefna)
- útbreiðsla
- almenn starfsemi

Úthlutun barna- og unglíngastyrks

- samkomulag / vilji félaga

Ímyndarmál

- fjölmiðlar
- heimasíða
- pistlar

Fundir með aðildarfélögum

- landshlutar
- lítil sendisveit á hvert félag í deildum

Efstu deildar félög - ÍTF

- samskipti
- fjármál
- rammasamkomulag
- lokahóf/verðlaunaafhending

5. 66. Ársþing KSÍ

- Kosningar. Á ársþingi KSÍ 2012 var einn nýr aðalmaður kjörinn til stjórnar og einn nýr fulltrúi í varastjórn. Gísli Gíslason var kjörinn í aðalstjórn og Jóhann Króknes Torfason var kjörinn í varastjórn.
- Þinggerð. Þinggerð verður birt á heimasíðu KSÍ í næstu viku.
- Ályktanir ársþings. Þrjár ályktanir voru samþykktar á ársþingi og hefur þeim verið komið á framfæri við rétta aðila.

6. Mótamál

- Niðurröðun móta 2012. Niðurröðun allra móta í meistaraflokki liggur nú fyrir og gert er ráð fyrir að gefin verði út niðurröðun yngri flokka þann 10.mars og hafa þá félög 10 daga til þess að koma á framfæri athugasemdum vegna niðurröðunar.
- Deildarbikarinn. Deildarbikarinn er hafinn í efstu deildum og í neðri deildum hefst hann um helgina.
- Riðlaskiptingar í yngri flokkum – fundargerð mótanefndar. Á fundi mótanefndar KSÍ voru samþykktar breytingar á riðlaskiptingum hjá 4.flokki karla og kvenna á þann veg að KA og Þór hafa óskað eftir að leika í SV-riðlum í karlaflokki og KA hefur óskað eftir því að leika í SV-riðli í kvennaflokki. Stjórn staðfestir ofangreindar breytingar mótanefndar.
- Fjölgun varamanna í 2.deild – fyrirspurnir félaga. Nokkur félög í 2. deild hafa óskað eftir því að breyting verði gerð á reglugerð í þá veru að heimilað verði að vera með 7 varamenn í 2. deild. Framkvæmdastjóra falið að leita eftir vilja félaganna í deildinni til slíkra breytinga.

7. Lög og reglugerðir

- Fjölgun deilda 2013 – keppnisfyrirkomulag 2012. Í samræmi við samþykkt ársþings um breytingu á lögum samþykkir stjórn eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót:

Ný grein 23 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Meistaraflokkur karla

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 4. deild er heimilt að setja alla (5) varamenn inn á í leik.

Stærð knattar: 5

Heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skal leggja til 7 eins knetti í leikjum í Pepsi-deild karla, aðalkeppni bikarkeppni KSÍ og meistarakeppni KSÍ, en 3 í öðrum leikjum. Allir knettirnir eru jafngildir. Skiptiknöttur skal vera aftan við hvort mark og tveir við hvora hliðarlínu, þar sem við á, í umsjón boltakrakka, sem heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skipa. Boltakrakkar skulu auðkenndir og fjöldi þeirra ekki vera færri en átta þar sem 7 knettir eru notaðir.

23.1. Íslandsmót

23.1.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttökuliðum skipt í 5 deildir. Pepsi-deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 10 liðum og 4. deild öðrum liðum. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn viðkomandi deildar.

23.1.2. Tvö neðstu liðin í Pepsi-deild færast næsta leikár niður í 1. deild og tvö efstu liðin í 1. deild færast næsta leikár upp í Pepsi-deild.

23.1.3. Tvö neðstu liðin í 1. deild færast næsta leikár niður í 2. deild og tvö efstu liðin í 2. deild færast næsta leikár upp í 1. deild.

23.1.4. Tvö neðstu liðin í 2. deild færast næsta leikár niður í 3. deild og tvö efstu liðin í 3. deild færast næsta leikár upp í 2. deild.

23.1.5. Tvö neðstu liðin í 3. deild færast næsta leikár niður í 4. deild og tvö efstu liðin í 4. deild færast næsta leikár upp í 3. deild.

23.1.6. Stjórn KSÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag í 4. deild þegar þátttaka liggur fyrir. Fyrst skal fara fram riðlakeppni og síðan úrslitakeppni um sæti í 3. deild. Við skiptingu í riðla er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, svæða og ferðakostnaðar.

23.1.7. Í öllum deildum er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni. Heimilt er í 4. deild að víkja frá þessu ákvæði.

23.1.8. Við niðurröðun leikja skal miða við að hvert lið leiki einn leik í viku en mótanefnd getur þó raðað þéttar niður.

23.1.9. Mótanefnd skal að öllu jöfnu raða leikjum í síðustu tveimur umferðum í Pepsi-deild karla á sama tíma. Sama gildir um síðustu tvær umferðir í 1. deild karla. Leikir í þessum umferðum, sem geta haft úrslitaáhrif á stöðu liða í efstu sætum (rétt til þátttöku í Evrópukeppni), skulu ávallt fara fram á sama tíma. Sama á við um leiki, sem geta haft úrslitaáhrif á fall úr deild. Liði, sem ferðast til leiks í þessum umferðum, er óheimilt að treysta á flug á leikdegi og skal nota annan ferðamáta til að komast á leikstað á réttum tíma.

23.1.10. Lögð skal áhersla á að leikir fari fram á völlum með grasi eða knattspyrnugrasi. Sé leikið á malarvelli (2., 3. eða 4. deild) skal framkvæmdaraðili leiks (heimalið) tilkynna aðkomuliði um það með sólarhrings fyrirvara.

23.1.11. Ef lið dregur sig úr eða er vísað úr keppni, má það hefja þátttöku í 4. deild á næsta leikári. Ef um er að ræða lið í Pepsi-deild, 1., 2. eða 3. deild, skal almenna reglan vera að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flytjast upp um deild. Ef slíkt er afleiðing þess að þáttökuleyfi hefur ekki verið veitt eða dregið tilbaka samkvæmt leyfiskerfi KSÍ, skal þó farið eftir næstu grein, 23.1.12.

23.1.12. Ef félag fær ekki viðeigandi stig af þáttökuleyfi í hefðbundnu umsóknarferli skv. leyfiskerfi KSÍ skal fara með flutning liða milli deilda og þátttöku þeirra í Íslandsmóttinu samkvæmt eftirfarandi:

a) Leyfisumsækjandi í efstu deild, sem ekki hlýtur þáttökuleyfi, skal leika í 1. deild á leyfistímabilinu/keppnistímabilinu ef hann uppfyllir skilyrði til þáttökuleyfis í 1. deild, en ella taka sæti í 2. deild. Leyfisumsækjandi í 1. deild, sem ekki hlýtur þáttökuleyfi, skal leika í 2. deild á keppnistímabilinu.

b) Ef sæti losnar í efstu deild vegna þess að umsókn um þáttökuleyfi var hafnað skal liðið, sem féll úr deildinni árið áður og var í næstneðsta sæti, taka lausa sætið ef það uppfyllir skilyrði til þáttökuleyfis í efstu deild á leyfistímabilinu, ella liðið sem varð í neðsta sæti, og síðan liðið sem varð í 3. sæti í 1. deild, o.s.frv.

c) Ef sæti losnar í 1. deild vegna þess að umsókn um þáttökuleyfi var hafnað skal liðið sem féll úr deildinni árið áður og var í næstneðsta sæti, taka lausa sætið ef það uppfyllir skilyrði til þáttökuleyfis í 1. deild, ella liðið sem varð í neðsta sæti, og síðan liðið sem varð í 3. sæti í 2. deild, o.s.frv.

23.1.13. Heimalið greiðir kostnað vegna framkvæmdar leiks. Það félag, sem ferðast til leiks greiðir sjálft ferða- og upphaldskostnað leikmanna sinna. Hafi félag ferðast til leiks, sem síðan er aflýst, án þess að unnt hafi verið að tilkynna félaginu það áður en ferðin hófst, á félagið rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar fyrir 18 manns (þar sem það á við), enda hafi ferðin hafist á eðlilegum tíma. Þetta gildir einnig þegar dómari verður að slíta leik og hann þarf að fara fram að nýju. Hafi leiknum verið aflýst með meira en 24 stunda fyrirvara á aðkomulið ekki rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar. Mótanefnd KSÍ sker úr ágreiningi um ferðakostnaðinn.

23.1.14. Tekjur af seldum aðgöngumiðum skulu renna til heimaliðs, en tekjur af útvarpi og sjónvarpi skiptist milli leikaðila. Við aðgöngumiðasölu skal skylt að nota númeraða miða. Stjórn KSÍ getur ákveðið lágmarksverð aðgöngumiða.

Ákvæði til bráðabirgða keppnistímabilið 2012

23.gr.

Meistaraflokkur karla

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 3. deild er heimilt að setja alla (5) varamenn inn á í leik.

Stærð knattar: 5

Heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skal leggja til 7 eins knetti í leikjum í Pepsi-deild karla, aðalkeppni bikarkeppni KSÍ og meistarakeppni KSÍ, en 3 í öðrum leikjum. Allir knettirnir eru jafngildir. Skiptiknöttur skal vera aftan við hvort mark og tveir við hvora hliðarlínu, þar sem við á, í umsjón boltakrakka, sem heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skipa. Boltakrakkar skulu

auðkenndir og fjöldi þeirra ekki vera færri en átta þar sem 7 knettir eru notaðir.

23.1. Íslandsmót

23.1.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttökuliðum skipt í 4 deildir. Pepsi-deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum og 3. deild öðrum liðum. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn viðkomandi deildar.

23.1.2. Tvö neðstu liðin í Pepsi-deild færast næsta leikár niður í 1. deild og tvö efstu liðin í 1. deild færast næsta leikár upp í Pepsi-deild.

23.1.3. Tvö neðstu liðin í 1. deild færast næsta leikár niður í 2. deild og tvö efstu liðin í 2. deild færast næsta leikár upp í 1. deild.

23.1.4. Tvö neðstu liðin í 2. deild færast næsta leikár niður í 3. deild og tvö efstu liðin í 3. deild færast næsta leikár upp í 2. deild.

23.1.5. Stjórn KSÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag í 3. deild þegar þátttaka liggur fyrir. Fyrst skal fara fram riðlakeppni og síðan úrslitakeppni um sæti í 2. deild. Við skiptingu í riðla er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, svæða og ferðakostnaðar.

23.1.6. Í öllum deildum er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni. Heimilt er í 3. deild að víkja frá þessu ákvæði.

23.1.7. Við niðurröðun leikja skal miða við að hvert lið leiki einn leik í viku en mótanefnd getur þó raðað þéttar niður.

23.1.8. Mótanefnd skal að öllu jöfnu raða leikjum í síðustu tveimur umferðum í Pepsi-deild karla á sama tíma. Sama gildir um síðustu tvær umferðir í 1. deild karla. Leikir í þessum umferðum, sem geta haft úrslitaáhrif á stöðu liða í efstu sætum (rétt til þátttöku í Evrópukeppni), skulu ávallt fara fram á sama tíma. Sama á við um leiki, sem geta haft úrslitaáhrif á fall úr deild. Liði, sem ferðast til leiks í þessum umferðum, er óheimilt að treysta á flug á leikdegi og skal nota annan ferðamáta til að komast á leikstað á réttum tíma.

23.1.9. Lögð skal áhersla á að leikir fari fram á völlum með grasi eða knattspyrnugrasi. Sé leikið á malarvelli (2. eða 3. deild) skal framkvæmdaraðili leiks (heimalið) tilkynna aðkomuliði um það með sólarhrings fyrirvara.

23.1.10. Ef lið dregur sig úr eða er vísað úr keppni, má það hefja þátttöku í 3. deild á næsta leikári. Ef um er að ræða lið í Pepsi-deild, 1. eða 2. deild, skal almenna reglan vera að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flytjast upp um deild. Ef slíkt er afleiðing þess að þátttökuleyfi hefur ekki verið veitt eða dregið til baka samkvæmt leyfiskerfi KSÍ, skal þó farið eftir næstu grein, 23.1.11

23.1.11. Ef félag fær ekki viðeigandi stig af þátttökuleyfi í hefðbundnu umsóknarferli skv. leyfiskerfi KSÍ skal fara með flutning liða milli deilda og þátttöku þeirra í Íslandsmótinu samkvæmt eftirfarandi:

a) Leyfisumsækjandi í efstu deild, sem ekki hlýtur þátttökuleyfi, skal leika í 1. deild á leyfistímabilinu/keppnistímabilinu ef hann uppfyllir skilyrði til þátttökuleyfis í 1. deild, en ella taka sæti í 2. deild. Leyfisumsækjandi í 1. deild, sem ekki hlýtur þátttökuleyfi, skal leika í 2. deild á keppnistímabilinu.

b) Ef sæti losnar í efstu deild vegna þess að umsókn um þátttökuleyfi var hafnað skal liðið, sem féll úr deildinni árið áður og var í næstneðsta sæti, taka lausa sætið ef það uppfyllir skilyrði til þátttökuleyfis í efstu deild á leyfistímabilinu, ella liðið sem varð í neðsta sæti, og síðan liðið sem varð í 3. sæti í 1. deild, o.s.frv.

c) Ef sæti losnar í 1. deild vegna þess að umsókn um þátttökuleyfi var hafnað skal liðið sem féll úr deildinni árið áður og var í næstneðsta sæti, taka lausa

sætið ef það uppfyllir skilyrði til þátttökuleysis í 1. deild, ella liðið sem varð í neðsta sæti, og síðan liðið sem varð í 3. sæti í 2. deild, o.s.frv.

23.1.12. Heimalið greiðir kostnað vegna framkvæmdar leiks. Það félag, sem ferðast til leiks greiðir sjálft ferða- og upphaldskostnað leikmanna sinna. Hafi félag ferðast til leiks, sem síðan er aflýst, án þess að unnt hafi verið að tilkynna félaginu það áður en ferðin hófst, á félagið rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar fyrir 18 manns (þar sem það á við), enda hafi ferðin hafist á eðlilegum tíma. Þetta gildir einnig þegar dómari verður að slíta leik og hann þarf að fara fram að nýju. Hafi leiknum verið aflýst með meira en 24 stunda fyrirvara á aðkomulið ekki rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar. Mótanefnd KSÍ sker úr ágreiningi um ferðakostnaðinn.

23.1.13. Tekjur af seldum aðgöngumiðum skulu renna til heimaliðs, en tekjur af útvarpi og sjónvarpi skiptist milli leikaðila. Við aðgöngumiðasölu skal skylt að nota númeraða miða. Stjórn KSÍ getur ákveðið lágmarksverð aðgöngumiða.

Allar tilvísanir í reglugerðum KSÍ til 23. greinar í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skulu eiga við 23. grein eins og hún er í bráðabirgðaákvæði þessu.

Úr lögum KSÍ vegna stofnunar 4. deildar árið 2013

Í 4. deild karla skal fyrst leikið 2013 og því skal 3. deild karla 2012 leikin skv. sama fyrirkomulagi og 3. deild karla 2011.

Tvö efstu lið 3. deildar 2012 færast í 2. deild en 2 neðstu lið 2. deildar 2012 færast niður og leika í hinni nýju 3. deild 2013. Öll lið sem vinna sér þátttökurétt í úrslitakeppni 3. deildar karla árið 2012 að undanskildum þeim liðum sem leika til úrslita (og hafa því unnið sér sæti í 2. deild 2013), vinna sér sæti í 3. deild karla árið 2013.

Liðin sem lenda í þriðja sæti í riðlakeppni 3. deildar 2012 leika úrslitaleik um sæti í 3. deild 2013. Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að leiknir verða hreinir úrslitaleikir, á hlutlausum velli milli liðsins í 3. sæti A riðils og liðsins í 3. sæti C riðils annars vegar og liðsins í 3. sæti B riðils og 3. sæti D riðils hinsvegar. sigurvegarar leikjanna vinna sér sæti í hinni nýju 3. deild árið 2013. Ákveði mótanefnd að hafa fleiri eða færri riðla í 3. deild en fjóra árið 2012, ákveður stjórn KSÍ keppnisfyrirkomulag um laust sæti í 3. deild árið 2013. Öll þau félög sem ekki vinna sér með þessum hætti sæti í 3. deild karla árið 2013 skulu leika í 4. deild árið 2013.

- Breyting á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Stjórn samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um aga – og úrskurðarmál:

Núgildandi ákvæði 6.2.

6.2. Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs sem fær brottvísun hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina til aga- og úrskurðarnefndar innan sólarhrings frá því að leik lýkur. Viðkomandi skal fá afrit gagna og koma með sínar athugasemdir strax eða innan þeirra tímamarka sem aga- og úrskurðarnefnd setur honum. Athugasemd þessi kemur ekki í veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa leikbann, en getur haft áhrif varðandi þyngingu refsingar þegar mál er úrskurðað.

Nýtt ákvæði 6.2.

6.2. Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs sem fær brottvísun **eða dómari gerir skriflegar athugasemdir við** hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina/ **athugasemdina** til aga- og úrskurðarnefndar **til**

hádegis þess dags sem næsti reglulegi fundur nefndarinnar fer fram.

Viðkomandi skal fá afrit gagna og koma með sínar athugasemdir strax eða innan þeirra tímamarka sem aga- og úrskurðarnefnd setur honum. Athugasemd þessi kemur ekki í veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa leikbann, en getur haft áhrif varðandi þyngingu refsingar þegar mál er úrskurðað.

Greinargerð: Með ofangreindri breytingu er leikmönnum/þjálfurum/forráðamönnum/félögum gert auðveldara að nálgast atvikaskýrslu dómara.

- Agaviðurlög – breyting á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Stjórn samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um aga – og úrskurðarmál:

Núgildandi ákvæði 13.1.1.

13.1.1. Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili skal

úrskurðaður í leikbann sem hér segir:

4 áminningar –bann í 1 leik

6 áminningar –bann í 1 leik

8 áminningar –bann í 2 leiki

10 áminningar –bann í 2 leiki

Hver áminning eftir það - bann í 2 leiki

Nýtt ákvæði 13.1.1.

13.1.1. Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili skal

úrskurðaður í leikbann sem hér segir:

4 áminningar –bann í 1 leik

7 áminningar – bann í 1 leik

10 áminningar – bann í 1 leik

Þriðja hver áminning eftir það bann í 1 leik

Greinargerð:

Með breytingunni er komið til móts við þá staðreynd að leikjum hefur fjölgað. Reglan er sú að fyrsta leikbann er áfram eftir 4 áminningar en síðan 1 leiks bann eftir hverjar 3 áminningar til viðbótar. Leikbann í 2 leiki vegna áminninga er aflagt. Annað leikbann komi eftir 7 áminningar í stað 6 áður og þriðja leikbannið eftir 10 áminningar í stað 8 áður (og þá í 2 leiki)

- Skýrsla eftirlitsmanns – breyting á reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn. Stjórn samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn:

Ákvæði 8.2 hljóðar svo:

8.2 Hlutverk eftirlitsmanna er að fylgjast með og gefa skýrslu um frammistöðu dómara og aðstoðardómara. Skýrslur eftirlitsmanna skulu gerðar á sérstöku eyðublaði, sem dómaranefnd útbýr og leggur til, og skal útfylling og frágangur vera skv. leiðbeiningum nefndarinnar. Eftirlitsmenn skulu senda skýrslur sínar með tölvupósti til skrifstofu KSÍ innan sólarhrings frá því að leik lýkur.

Nýtt ákvæði 8.2.

8.2 Hlutverk eftirlitsmanna er að fylgjast með og gefa skýrslu um frammistöðu dómara og aðstoðardómara. Skýrslur eftirlitsmanna skulu gerðar á sérstöku eyðublaði, sem dómaranefnd útbýr og leggur til, og skal útfylling og frágangur vera skv. leiðbeiningum nefndarinnar. Eftirlitsmenn skulu senda skýrslur sínar með tölvupósti til skrifstofu KSÍ innan sólarhrings frá því að leik lýkur. **Þá skal eftirlitsmaður gera skýrslu um framkvæmd leiks sem skal birt á innrивef KSÍ, með leikskýrslu.**

Greinargerð:

Umsagnar eftirlitsmanna um framkvæmd leiks geta varðar félögin miklu. Mikilvægt er því að athugasemdir eftirlitsmanna séu félögunum aðgengileg án tafar, svo unnt sé að koma fram athugasemdum eða koma á úrbótum vegna atvika sem getið er um í skýrslu eftirlitsmanns.

- Gerðardómur – breyting á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Stjórn samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

Ákvæði 23.1.4 hljóðar svo:

23.1.4. Hvor aðili fyrir sig getur þó farið fram á að ágreiningurinn verði lagður í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989 um sammingsbundna gerðardóma, og skal krafa um slíkt lögð fram skriflega áður en nefndin tekur málið til efnislegrar meðferðar. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm og skal aga – og úrskurðarnefnd KSÍ skipa oddamann.

Nýtt ákvæði 23.1.4:

23.1.4. Hvor aðili fyrir sig getur þó farið fram á að ágreiningurinn verði lagður í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989 um sammingsbundna gerðardóma, og skal krafa um slíkt lögð fram skriflega áður en nefndin tekur málið til efnislegrar meðferðar. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm og skal **Héraðsdómur Reykjavíkur** skipa oddamann.

Greinargerð:

Gerðardómur Alþjóða Ólympíuhreyfingarinnar hefur úrskurðar að gerðardómsákvæði Knattspyrnusambands Íslands uppfylli ekki skilyrði reglna FIFA um óháðan gerðardóm og því geti leikmenn, félög eða aðrir starfsmenn félaga skotið málum til UEFA, FIFA eða CAS með tilheyrandi kostnaði fyrir hreyfinguna. Með lagfæringu á gerðardómsákvæði reglugerðarinnar er málsmeðferðarkerfi KSÍ tryggð ótvíræð lögsaga í málum sem varða samskipti félaga og leikmanna innanlands.

- Mannvirkjasjóður KSÍ – tillaga að nýrri reglugerð. Stjórn samþykkir eftirfarandi reglugerð fyrir Mannvirkjasjóð KSÍ 2012 – 2015:

**REGLUGERÐ KSÍ
um mannvirkjasjóð KSÍ 2012-2015**

Markmið

Mannvirkjasjóði KSÍ er ætlað að styðja við nýframkvæmdir knattspyrnumannvirkja á Íslandi til þess að skapa iðkendum, stjórnendum og áhorfendum sem besta aðstöðu.

Styrkir

Mannvirkjasjóður KSÍ styrkir hvers kyns nýframkvæmdir og getur hámarksstyrkur við hvert verkefni orðið 15 milljónir króna en að jafnaði ekki meira en sem nemur þriðjungi af raunkostnaði framkvæmdar. Við úthlutun styrkja skal sérstaklega tekið mið af stöðu umsækjanda gagnvart leyfiskerfi KSÍ og skulu umsóknir sem miða að því að uppfylla ákvæði leyfiskerfis KSÍ njóta forgangs við úthlutun úr sjóðnum. Aðeins aðildarfélög KSÍ geta sótt um styrk.

Umsókn

Umsókn um styrk úr Mannvirkjasjóði KSÍ skal berast framkvæmdastjóra KSÍ fyrir 1. apríl ár

hvert. Í umsókn skulu eftirfarandi upplýsingar m.a. koma fram:

Fyrirhugaðar framkvæmdir og tilgangur þeirra

Verk- og tímaáætlun

Staðfesting á fjármögnun

Staðfesting viðkomandi sveitarfélags á framkvæmdunum og skuldbindingar þess vegna þeirra

Framkvæmdastjóri KSÍ metur umsóknir og hefur mannvirkjanefnd KSÍ til ráðgjafar auk þeirra aðila sem hann telur ástæðu að leita til. Framkvæmdastjóri gerir tillögu til stjórnar um úthlutun úr sjóðnum. Við mat á umsóknum skal m.a. tekið tillit til núverandi stöðu knattspyrnumannvirkja og aðstöðu, og þarfa félags vegna þátttöku í Íslandsmóti og vegna leyfiskerfis KSÍ.

Greiðslur úr sjóðnum

Styrkur úr Mannvirkjasjóði KSÍ er að jafnaði greiddur út að loknum framkvæmdum viðkomandi verkefnis en heimilt er að greiða út styrkinn í fleiri greiðslum ef ástæða þykir til og fyrir liggur samþykkt stjórnar KSÍ. Gert er ráð fyrir að í Mannvirkjasjóður KSÍ muni á árunum 2012-2015 veita árlega a.m.k. 30 milljónir króna til aðildarfélaga.

- Starfsreglur útbreiðslunefndar – tillaga að breytingu. Stjórn KSÍ samþykkir eftirfarandi breytingu á starfsreglum útbreiðslunefndar:

1.grein hljóðar svo:

Útbreiðslunefnd KSÍ starfar samkvæmt lögum KSÍ og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga. Útbreiðslunefnd skal skipuð a.m.k. 10 mönnum, sem stjórn KSÍ tilnefnir. Formaður nefndarinnar skal sitja í stjórn KSÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Ný grein 1:

Útbreiðslunefnd KSÍ starfar samkvæmt lögum KSÍ og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga. Útbreiðslunefnd skal skipuð a.m.k. **5 mönnum**, sem stjórn KSÍ tilnefnir. Formaður nefndarinnar skal sitja í stjórn KSÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

8. Dómaramál

- Landsdómararáðstefna 2.- 3.mars 2012. Ráðstefnan verður haldin í fræðslusetri KSÍ og skipulagning hennar verður í samvinnu við Félag deildadómara.
- Dómararnir Guðrún Fema Ólafsdóttir, Rúna Stefánsdóttir og Birna Bergstað Þórmundsdóttir dæmdu á æfingamóti U23 kvenna á La Manga. Norska knattspyrnusambandið sér um skipulagningu þessa móts og bauð okkar bestu kvendómurum til starfa á mótinu. Þær dæmdu leik Noregs og Englands, leik Svía og Norðmanna og leik Noregs og Bandaríkjana. Guðrún Fema dæmdi þessa leiki og þær Rúna og Birna voru aðstoðardómarar

9. Leyfismál

- Skil á leyfisgögnum. Öll liða nema Þróttur R hafa skilað inn fjárhagsgögnum vegna leyfiskerfis í Pepsi-deild karla og 1.deild karla. Leyfiskerfi mun koma saman þriðjudaginn 13. mars og fara yfir gögn félaganna.
- Mannvirkjamál og vallarleyfi. Stjórn KSÍ samþykkir að heimila eftirfarandi leikvanga fyrir leyfisumsóknir aðildarfélaga fyrir keppnistímabilið 2012 með því skilyrði að framfarir verði í aðstöðu áhorfenda eins fljótt og kostur er:

Leikvangur	Félag
Fylkisvöllur	Fylkir
Selfossvöllur	Selfoss
Hásteinsvöllur	ÍBV
Ísafjarðarvöllur	BÍ/Bolungarvík
Akureyrarvöllur	KA

Framkvæmdastjóra KSÍ er falið að setja hverju aðildarfélaga skilyrði um framfarir og fylgjast með að útbætur verði gerðar.

10.A landslið karla

- Vináttuleikir:
Japan – Ísland 24.febrúar. Leikið var í Osaka og lauk leiknum með 3-1 sigri Japans.
Svartfjallaland – Ísland 29.febrúar. Leikið var í Podgorica og lauk leiknum með 2-1 sigri Svartfjallalands.

11.A landslið kvenna

- Vináttuleikir:

Algarve Cup 29.febrúar – 7.mars. Liðið tapaði gegn Þýskalandi 0-1 og gegn Svíþjóð 1-4 í riðlakeppni en sigraði Kína 0-1. Í leik um 5. sæti tapaði liðið gegn Danmörku 1-3 og hafnaði því í 6. sæti á mótinu.

12.U21 karla

- Undankeppni EM 2013
Azerbaídján – Ísland 29.febrúar. Ísland tapaði leiknum 0-1 en leikið var í Baku.

13.Yngri landslið

- U19 kvenna
La Manga 4. – 8. mars. Liðið tapaði gegn Skotlandi 0-1 og gegn Noregi 1-2 en sigraði England 3-2.
- U17 kvenna
Vináttuleikir við Danmörku 18. og 20. mars. Leikið verður í Egilshöll
- U17 karla
Milliriðill EM 2013 í Skotlandi 20.-25. mars. Liðið leikur í riðli með Danmörku, Skotlandi og Litháen.

14.Uefa

- Ársþing Uefa í Istanbúl 21. og 22. mars. Geir Þorsteinsson formaður, Gylfi Þór Orrason varaformaður og Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri verða fulltrúar KSÍ á ársþingi Uefa.

15.Fifa

- Ársþing Fifa í Búdapest 24. og 25. maí. Geir Þorsteinsson formaður, Guðrún Inga Sívertsen gjaldkeri og Lúðvík S Georgsson ritari verða fulltrúar KSÍ á ársþingi Fifa.

16.Önnur mál

- Norræn ráðstefna í Finnlandi 17. – 19. ágúst. Ráðstefnan, sem haldin verður í Imatra í Finnlandi, er nokkuð seinna en vanalega vegna Ólympíuleika og þátttöku norrænna landa á þeim.
- Heiðursmerki KSÍ. Stjórn samþykkir að afhenda Ragnari Boga Pedersen, HK, silfurmerki KSÍ í tilefni af 50 ára afmæli hans.